

Nú er hafin undirbúningur á Þorrablóti okkar Skagamanna 2023 sem verður haldið laugardaginn 20. janúar næstkomandi.

Stuðningur Akraneskaupstaðar hefur verið mikilvægur í okkar vinnu og undirbúning og leitum við nú til bæjarins með einhverskonar stuðning í huga.

Þorrablót Skagamanna er einn stærsti viðburður á Akranesi ár hvert. Blótið 2024 er það fjórtánda í röð, tvö ár voru haldin í streymi við frábærar undirtektir.

Mikið er lagt í skemmtun kvöldsins. Akraneskaupstaður velur Skagamann ársins sem telst vera einn mesti heiður sem einstaklingi/hóp er veittur er á hverju ári. Sá árgangur sem er 40 ára á nýliðnu ári fer yfir árið í annál ársins, nokkurskonar "skaupi" okkar Skagamanna. Skemmtiatriði verða í bland heimaatriði eins og leiknar auglýsingar sem og atriði frá þjóðþekktum einstaklingum.

Allur ágóði af blótinu rennur til ýmissa íþrótta- og félagsstarfsemi í bænum.

Nefndin hefur nú reynt að leita leiða við húsnæðisvandanum og hefur kannað ýmsa möguleika á þeim húsum sem eru í boði á Akranesi. Niðurstaða okkar er að íþróttahúsið að Jaðarsbökkum sé eina staðsetningin sem gæti hentað fyrir viðburðinn. Þar gætum við komið um 400 manns í mat og opnað svo fyrir ball um kvöldið. Einnig er planið að streyma viðburðinum svo allir bæjarbúar ættu að geta fylgst með þessum stóra viðburði.

Virðingarfyllst,

Sjötíu og níu menningarfélag